

Reglur um íþróttastyrk fyrir íbúa Eyjafjarðarsveitar.

Styrkurinn heitir íþróttastyrkur og hreyfistyrkur og gildir fyrir þátttöku í skipulögðu íþróttastarfi og hreyfingu.

Fjárhæð styrks er kr. 10.000,- á ári.

Íþróttastyrkur og hreyfistyrkur greiðist einu sinni á ári í formi ávísunar til barna á aldrinum 6-17 ára, miðað er við árið sem barnið nær tilgreindum aldri.

Ávísun er send heim, stíluð á nafn barns (frumrit gildir og verður ekki endurprentað) og gildir á útgáfuári.

Ávísun er gefin út fyrir almanaksárið og nýtist til greiðslu æfinga – og þátttökugjalda á útgáfuári.

Styrkurinn gildir fyrir námskeið og æfingagjöld sem fram fara undir leiðsögn viðurkenndra eða hæfra þjálfara og leiðbeinenda.

Ef námskeið eða æfingar eru ekki hjá aðildarfélagi innan ÍSÍ, þarf foreldri/forráðamaður að fá staðfest hjá námskeiðshaldara að tómstandaávísun Eyjafjarðarsveitar gildi fyrir námskeiðið, áður en ávísun er framvísað.

Viðmiðunarlisti um hvar Íþróttastyrkur og hreyfistyrkur gildir:

- A. Æfingagjöld hjá aðildarfélagi ÍSÍ
- B. Skipulögð námskeið fyrir hóp af börnum og ungmennum sem felur í sér þjálfun og hreyfingu
- C. Árskort/annarkort í sund, skíðastaði, líkamsræktarstöðvar (eða sambærilegt) gegn afhendingu kvittunar, stíluð á nafn og framvísun árskortsins.
- D. Annað samkvæmt umsókn sem skrifstofa Eyjafjarðarsveitar metur styrkhæft.

Námskeið hjá UMF Samherjum og hestamannafélaginu FUNA eru ekki styrkhæf þar sem félögin fá framlög frá Eyjafjarðarsveit til barna- og unglingastarfs.

Skrifstofa Eyjafjarðarsveitar hefur umsýslu með Íþróttastyrk og hreyfistyrk og ákvarðar út frá reglum hvort námskeiðs- og æfingagjöld eru styrkhæf. Verði ágreiningur um gildissvið gildir ákvörðun sveitarstjóra.

Ávísunin er innlausnarskírteini og gildir aðeins gegn framvísun. Glötuð ávísun er glatað fé. Þurfi styrkþegi að skipta fjárhæð, framvísar hann ávísun til skrifstofu sem getur samþykkt að innleysa hana og gefa út nýjar ávísanir að samsvarandi fjárhæð.

Reglur um ferðastyrk fyrir íbúa Eyjafjarðarsveitar vegna þátttöku í æfinga- og keppnisferðalögum

Börn, ungmenni og afreksíþróttafólk sem æfa hjá félagi sem á aðild að ÍSÍ eða tekur þátt í viðurkenndum íþróttamótum getur sótt um ferðastyrk til Íþróttastyrk og tómstundanevndar vegna keppnis- eða æfingaferða sem fylgir umtalsverður kostnaður fyrir umsækjanda. Framvísa skal staðfestingu frá þjálfara, fararstjóra eða öðrum tilbærum aðila ásamt gögnum um greiðslu kostnaðar og öðrum gögnum eftir ákvörðun skrifstofu.

Hámarksstyrkur er kr. 20.000,- á ári fyrir hvern iðkanda.

Samþykkt á fundi Íþróttastyrk og tómstundarnefndar 9. nóvember 2016 og fundi sveitarstjórnar 16. nóvember 2016. Reglurnar gilda frá 1. janúar 2017.